

## 172. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn þriðjudaginn 28. desember 2021 kl: 16:00

Mættir: Karitas Jónsdóttir, Brynja Þorbjörnsdóttir, Steinunn I. Magnúsdóttir, Silja Eyrún Steingrímsdóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir og Auður Kjartansdóttir. Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri sat fundinn og skrifaði fundargerð.

### Dagskrá

#### 1. Málefni Steypustöðvarinnar að Engjaási 1 og Þórólfsögötu 10a

Málið var áður á dagskrá á síðasta fundi þann 13. desember 2021.

Lagt fram bréf Steypustöðvarinnar ehf. dagsett 27. desember 2021.

*Málinu frestað til næsta fundar. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna sem málið varðar.*

#### 2. Möguleg kaup á rafmagnsbifreið fyrir embættið

*Framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu.*

#### 3. Umsagnir

##### 3.1 Umsagnir til sveitarfélaga um skipulagsmál

##### **Borgarbyggð.**

##### a. Aðalskipulagsbreyting Hvanneyri.

Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 22. desember 2021.

##### **Stykkishólmur.**

##### b. Aðalskipulagsbreyting Stykkishólmi vegna gististaða. Lögð fram umsögn heilbrigðiseftirlitsins dagsett 28. desember 2021.

##### 3.2 Umsagnir til Umhverfis – og auðlindaráðuneytis

##### a. Lagt fram erindi UAR vegna beiðni frá Íslandshótelum vegna undanþágu á starfsleyfi vegna hundahalds á sérmerktum hótélherbergjum á Fosshóteli í Reykholti, Stykkishólmi og Hellnum. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands gaf jákvæða umsögn til UAR 13. desember 2021. UAR hefur nú gefið út undanþágu fyrir hótelin þrjú. Undanþágan gildir til 15. desember 2023.

**4. Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndar**

- 4.1 Íslandshótel hf. Breytt skilyrði í 2 ár vegna undanþágu um hundahald á nokkrum gistiherbergjum á Fosshóтели Stykkishólmi, Reykholti og Hellnum í samræmi við erinidi frá UAR.
- 4.2 Skagafiskur ehf. Nýtt leyfi fyrir lítill vinnslu fyrir fisk á Faxabraut 3 (bil 105) Akranesi, vegna starfsemi fiskbúðarinnar Skagafiskur á Kirkjubraut 40. Gildistími er 12 ár.

**Tímabundin leyfi**

- 4.3 Skagaver ehf. Tímabundið leyfi fyrir niðurrifi/meðhöndlun á frárennislögnum úr asbesti Merkigerði 9, Akranesi. Leyfið gildir frá 21. desember til 21. janúar 2022.
- 4.4 Ungmennafélag Reykdæla. Leyfi fyrir áramótabrennu á Tíðamel við Reykholt, Borgarbyggð. Leyfið var auglýst í 4 vikur á vefsvæði heilbrigðiseftirlitsins. Engar athugasemdir bárust.
- 4.5 Ungmennafélag Staðarsveitar. Umsögn/leyfi vegna lítillar brennu á Kirkjuhól Staðarsveit 30. desember 2021.
- 4.6 Björgunarsveitin Elliði. Leyfi fyrir flugeldasýningu á Kirkjuhól Staðarsveit 30. desember kl 21.
- 4.7 Björgunarsveitin Lífsbjörg. Leyfi fyrir flugeldasýningu á Breiðinni, við Rif, Snæfellsbæ, 31. desember kl 19.
- 4.8 Björgunarsveitin Ósk Dalabyggð. Leyfi fyrir flugeldasýningu á bryggjunni í Búðardal 31. desember kl. 21.
- 4.9. Björgunarfélag Akraness. Leyfi fyrir flugeldasýningu á hafnarsvæðinu (stóra bryggja) á Akranesi 6. janúar 2022 kl: 18.

**5. Ráðning framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands**

Heilbrigðisnefnd hefur ráðið Þorstein Narfason umhverfisfræðing í starf framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að undangenginni auglýsingu og ráðningarferli.

Fundi slitið 17:10